

Glerárskóli Akureyri

ÖRYGGISHANDBÓK

ÁÆTLUN UM ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI

GLERÁRSKÓLI AKUREYRI



Öryggisnefnd:

Anna Sigríður Halldórsdóttir, kennari og öryggistrúnaðarmaður

Eyrún Skúladóttir, skólastjóri og öryggisvörður

Ómar Örn Jónsson, húsvörður og öryggisvörður

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Áætlun um fræðslu starfsmanna um öryggismál	2
Öryggi og heilbrigði á vinnustað	2
Áhættumat og vinnuálag	3
Áhættumat	3
Vinnuálag	3
Vinnuslys	3
Ýmsar áætlanir	3
Rýmingaráætlun Glerárskóla	3
Viðbrögð við jarðskjálftum og gosmengun	4
Viðbrögð vegna heimsfaraldurs	4
Viðbrögð vegna ófærðar	4
Jafnréttisáætlun	4
Viðbragðsáætlun um neyslu áfengis, reykinga og vímuefna	4
Nemendur	4
Starfsmenn	4
Foreldrar	4
Áætlun gegn einelti, áreitni í starfsmannahópnum eða annarrar ótilhlýðilegrar hegðunar	4
Óformleg umkvörtun	5
Formleg tilkynning	5
Viðbrögð stjórnenda	5
Fyrstu viðbrögð	5
Viðbrögð við slysum og áföllum	5
Líkamlegt álag	6
Tölvu og borðvinna	6
Raddvernd	6
Líkamsbeiting	6
Lokaorð	6
Handhægar slóðir:	6

Inngangur

Öryggishandbók Glerárskóla tekur á þáttum í starfsumhverfi skólans sem snúa að öryggi og heilsu starfsmanna sbr. lög nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/2006. Einnig reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Öryggishandbókin fjallar um vinnuverndarstarf, vinnuaðstæður og félagslega þætti, efnislega þætti, líkamsbeitingu og annað það er máli skiptir varðandi vinnuvernd.

Þessi handbók felur í sér upplýsingar um öryggismál ásamt nauðsynlegum aðgerðum sem grípa skal til ef fram kemur tilkynning um einelti, áreitni og annað ofbeldi á vinnustað. Stefnumni fylgja auk þess skýrir verkferlar.

Stefna um öryggi og heilbrigði gildir um allt starfsfólk Glerárskóla, hvar sem það er að störfum á vegum skólans. Með hliðsjón af tilkynningarskyldu er starfsfólk sem upplifir einelti eða aðra óæskilega hegðun hvatt til að tilkynna slíkt. Allar tilkynningar og/eða kvartanir eru teknar alvarlega og brugðist við þeim á faglegan hátt.

Stefnan er kynnt starfsfólki reglulega. Hvatt er til opinskárra umræðna og reglulega veitt fræðsla um eineltismál. Stefnan er birt á heimasíðu skólans.

Áætlun um fræðslu starfsmanna um öryggismál

- Á starfsmannafundi í ágúst ár hvert er farið yfir öryggisáætlun, s.s. rýmingaráætlun, viðbrögð við slysum og áföllum, auk áætlunar gegn einelti og kynbundnu ofbeldi.
- Skyndihjálparnámskeið er haldið hvert ár. Verklegr skyndihjálparnámskeið annað hvert ár og áfallahjálparnámskeið hvern ár. Næsta námskeið er 3. janúar 2022.
- Öryggisráð skipa öryggistrúnaðarmaður (kennari), tveir öryggisverðir (umsjónarmaður fasteigna og matráður) og skólastjóri. Ráðið fundar reglulega yfir skólaárið (að meðaltali aðra hverja viku) og skipuleggur þær aðgerðir sem tengjast öryggismálum skólans. Ráðið gerir aðgerðaráætlun og kemur með áætlun um úrbætur ár hvert.

Öryggi og heilbrigði á vinnustað

Til að tryggja öryggi og aðbúnað starfsmanna á vinnustað, koma í veg fyrir óviðeigandi hegðun og auka líkur á ánægju í starfi ber að framkvæma áhættumat á vinnustöðum reglulega. Áhættumat er gert meðal annars með því að greina áhættuþætti er varða:

- Andlega og félagslega heilsu starfsmanna.
- Hegðun á viðkomandi vinnustað.
- Samskipti starfsfólks við þjónustuþega s.s. foreldra, sérfræðinga, verktaka og skólasamfélagið.
- Þætti er snúa að líkamlegu öryggi og aðbúnaði í starfi.

Áhættumat og vinnuálag

Áhættumat

Til að gera áhættumat nýtum við vinnuumhverfisvísa Vinnueftirlits, starfsmannakannanir Akureyrarbæjar, starfsmannakönnun Glerárskóla auk þess að nýta okkur aðgang að Samskiptaráði skólans, Jafnréttisráði skólans og Forvarnarráði skólans. Rýmingaræfingar gefa einnig vísbendingu um öryggi í vinnuumhverfi.

Vinnuálag

Mikilvægt er að reyna af bestu getu að koma í veg fyrir of mikið vinnuálag á starfsmenn. Allir starfsmenn vinna í teyllum og geta þar af leiðandi leitað til hvors annars en auk þess funda stjórnendur með öllum teyllum reglulega. Stoðþjónusta skólans veitir kennurum eða kennarateyllum aðstoð og innan skólans starfa ráð sem tengjast starfsmönnum og sinna málefnum þeirra sem upp kunna að koma og varða einstaklinga eða hópa. Ef ekki er hægt að leysa málefni innan skólaveggjanna er leitað til Mannauðssviðs Akureyrarbæjar eða Fræðslusviðs Akureyrarbæjar.

Vinnuslys

Starfsmönnum ber að tilkynna um slys er tengjast vinnu þeirra. Skólastjóri tekur við þeim tilkynningum og ritari útbýr skýrslur sem sendar eru til Vinnueftirlits og Sjúkratrygginga Íslands ásamt tryggingafélagi ef þurfa þykir. Starfsmenn sem af einhverjum orsökum þurfa að fara í lengri veikindaleyfi verða að skila læknisvottorði til skólastjóra a.m.k. einu sinni í mánuði. Einnig þarf starfsmaður sem hefur verið frá vinnu lengur en einn mánuð að skila starfshæfnivottorði áður en hann hefur störf að nýju.

Ýmsar áætlanir

Grunnskólum ber að vera með áætlun um heilsuvernd (sbr. 66. gr. laga nr. 46/1980, sbr. einnig 28. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum). Til heilsuverndar telst verndun líkamlegrar og andlegrar heilsu. Í áætlun um heilsuvernd er því meðal annars tekið á forvörnum og viðbrögðum til að koma í veg fyrir og til að bregðast við ef upp koma mál tengd einelti, áreitni eða ofbeldi.

Rýmingaráætlun Glerárskóla

Öryggisráð Glerárskóla sér til þess að rýmingaráætlun skólans sé endurskoðuð tvisvar á ári. Ráðið heldur utan um rýmingaræfingar og sér til þess að framkvæmd þeirra sé metin af öllum starfsmönnum, gerir úrbótaáætlun og lagfærir sjálfa rýmingaráætlunina.

Rýmingaráætlun Glerárskóla má finna hér: [Rýmingaráætlun Glerárskóla 2021](#)

Viðbrögð við náttúruvá, ógnun og smitsjúkdómum

Glerárskóli fer eftir viðbrögðum almannavarna varðandi náttúruvá, sjá nánar:

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/>

Aðgerðaráætlun Glerárskóla um viðbrögð vegna ógnun, náttúruvá, smitsjúkdómum,

efnaslysum og fleiru var síðast uppfærð í mars 2020. Almannahvernd ríkisins hefur í samráði við ríkisstjórn gefið út reglur um hvernig háttta beri skólustarfi með tilliti til stöðu í heimsfaraldrinum Covid-19 og skólinn fylgir þeim reglum. Aðgerðaráætlun Glerárskóla finnst á heimasíðu skólans og hér er slóð inn á hana:

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2020/03/Vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun-Gler%C3%A1rsk%C3%B3li-13.03.2020-Google-skj%C3%B6l.pdf>

Viðbrögð vegna ófærðar

Ef veður er mjög slæmt er stuðst við eftirfarandi [verklagsreglur](#) sem eru sameiginlegar með öllum grunnskólum á Akureyri.

Jafnréttisáætlun

Glerárskóli fylgir [jafnréttisáætlun](#) skólans sem gerð er samkvæmt reglum frá Jafnréttisstofu.

Viðbragðsáætlun um neyslu áfengis, reykinga og vímuefna

Reykingar og önnur tóbaksnotkun ásamt neyslu áfengis eða vímuefna í hvaða formi sem er er með öllu óheimil í skólanum og á skólalóð.

Nemendur

Sé nemandi uppvís um tóbaksnotkun eða veipnotkun, notkun áfengis og/eða vímuefna á skólalóð og/eða á skólatíma er viðkomandi boðaður til viðtals við skólastjórnendur. Haft er samband við foreldra og tilkynnt um atvikið, hvort sem nemandi gengst við því eða um orðróm sé að ræða. Ef atvikið endurtekur sig fer málið fyrir nemendaverndarráð og í viðeigandi farveg. Þetta gildir einnig um allar ferðir á vegum skólans. Sjá nánar í verklagsreglum vegna nemenda með fjölþættan vanda og reglugerð 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Sjá verklagsreglur hér: https://drive.google.com/drive/u/0/folders/1yzy9D4OB91_EBNecNnHv4rf96WdDhZ8

Starfsmenn

Ef grunur leikur á að starfsmaður sé undir áhrifum áfengis, vímuefna, lyfja eða annarra vímuefna er viðkomandi boðaður í samtali við stjórnanda. Sér grunur á rökum reistum fer málið fer í viðeigandi farveg með aðstoð Mannauðsdeildar Akureyrarbæjar.

Foreldrar

Ef grunur leikur á að foreldri sé undir áhrifum innan veggja skólans hefur skólastjóri eða staðgengill hans talið af viðkomandi og biður um að yfirgefa skólann. Gangi það ekki eftir áttakalaust er haft samband við lögreglu. Öll atvik þar sem grunur leikur á að foreldri komi undir áhrifum í skólann eru tilkynnt til barnaverndar.

Áætlun gegn einelti, áreitni í starfsmannahópnum eða annarrar ótilhlýðilegrar hegðunar

Einelti eða annað áreiti er ekki liðið í Glerárskóla. Skólinn starfar samkvæmt eineltisáætlun Olweusar og er með skýra sýn um aðgerðir gegn einelti. Aðgerðaráætlun skólans er unnin út frá áætlun Akureyrarbæjar um viðbrögð við [Einelti - áreitni - ofbeldi](#). Hér má sjá [aðgerðaráætlun](#) Glerárskóla.

Í skólanum starfar samskiptateymi sem fundar einu sinni í viku og tekur til meðferðar tilkynnt mál nemenda.

Ef starfsmaður telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustað, eða telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað, skal upplýsa yfirmann, fulltrúa vinnustaðar í Öryggisnefnd eða einhverjum fulltrúa samskiptateymis Akureyrarbæjar en það teymi skipa: Halla Margrét Tryggvadóttir, sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs (halla@akureyri.is), Birna Eyjólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (birnae@akureyri.is), Inga Þóll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður (inga@akureyri.is).

Óformleg umkvörtun

Óformleg tilkynning felur ekki í sér sjálfkrafa rannsókn og málið fer ekki lengra nema viðkomandi kjósi að sækja málið formlega, umkvörtunaraðili getur gert tilkynningu sína formlega síðar kjósi hann svo. Upplifi starfsmaður samskiptavanda innan vinnustaðar skal hann leita til síns yfirmanns – telji viðkomandi það ófært er hægt að hafa samband við sviðsstjóra viðkomandi sviðs, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs eða mannauðsráðgjafa mannauðsdeildar.

Formleg tilkynning

Formleg tilkynning leiðir af sér rannsókn málsins. Starfsmaður fyllir út eyðublöð sem finna má á síðu vinnueftirlits <https://vinnueftirlitid.is/> :

1. Ebs-007 Tilkynning vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis, rafræn útfylling
 2. Ebs-017 Tilkynning vegna eineltis, áreitni og ofbeldis/Útfylling á útprenti
- Starfsmaður kemur tilkynningunni til yfirmanns eða fulltrúa í eineltisteymi Akureyrarbæjar. Sá sem tilkynnir skal vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar.

Viðbrögð stjórnenda

Verði stjórnandi var við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega hegðun eða hefur rökstuddan grun um að framangreind hegðun eigi sér stað innan stofnunarinnar ber honum að bregðast við án ástæðulausrar tafar í því skyni að koma í veg fyrir að slík hegðun endurtaki sig.

Fyrstu viðbrögð

Skólastjórn ber ábyrgð á rannsókn mála og skal hún þegar í stað virkja viðbragðsáætlun. Allar tilkynningar eru teknar alvarlega og sýnd nærgætni í aðgerðum gagnvart aðilum máls. Skólastjórn, í samráði við trúnaðarmenn og meðstjórnendur, metur þörf þolanda fyrir stuðning og veita hann. Lögð er ríka áhersla á að bregðast við hið fyrsta.

Viðbrögð við slysum og áföllum

Við Glerárskóla starfar áfallaráð sem fundar reglulega og tekur á öllum málefnum sem tengjast slysum og áföllum. Skólinn er með skýra áætlun um öll viðbrögð og virkjar skólastjóri áfallaráðið ef þurfa þykir.

Áætlun um fyrstu viðbrögð, ýmsa hlekki og starfsmenn Áfallaráðs má finna á heimasíðu skólans og birtist hér: <https://qlerarskoli.is/afallarad/>

Líkamlegt álag

Tölvu og borðvinna

Tölvuvinna getur verið bæði líkamleg og andlega erfið. Til að draga úr líkum á álagseinkennum vegna tölvuvinnu er mikilvægt að stuðla að góðu vinnuumhverfi, hentugum búnaði og húsgögnum, góðum vinnustellingum en ekki síst fjölbreyttum verkefnum og góðum starfsanda. Oft reynist erfitt að greina á milli orsakavalda álags og því ber að stuðla að öllum þáttum jafnt til að gera vinnustaðinn að góðum og heilsusamlegum stað. Helsta orsök fyrir líkamlegum óþægindum við tölvuvinnu er að sitja of lengi og/eða að sitja ekki í góðum stellingum. Huga þarf að uppröðun húsgagna og tækja sem nota þarf við vinnuna. Ef setið er löngum stundum við tölvuvinnu og rýnt í skjáinn verður fljótt vart við þreytu í ákveðnum vöðvahópum og liðum og jafnvel sviða og kláða í augum. Þannig er líkaminn að gefa aðvaranir um að þörf sé á hvíld.

Tölvuvinna telst vera einhæf vinna hvað varðar líkamlegt álag. Til að vinna gegn álagseinkennum tengdum tölvuvinnu er góð regla að taka 9-10 mín. hlé á klukkutíma frá tölvuvinnunni. Þessa hvíld er gott að nota til þess að ganga um, hreyfa axlir, handleggi og háls og hvíla augun. Hléæfingaforrit í tölvum er góð leið til að muna eftir að hreyfa og hvíla.

Raddvernd

Mikilvægt er að huga vel að raddvernd og hljóðvist í stofum og annarsstaðar í húsnæði skólans enda einn mesti álagspátturinn í skólastarfi.

Kennarar geta nýtt þráðlausu hljóðnema í stofum til að vernda röddina og reynt er að nota hljóðdempandi efni og fá ráðgjöf fyrir starfsmenn og stjórnendur.

Líkamsbeiting

Iðjupjálfi er starfandi við skólann. Hann gefur leiðbeiningar um líkamsstillingar við vinnu og þau hjálpargögn sem hægt er að nýta til að gera vinnuna betri fyrir líkamann.

Lokaorð

Áætlun Glerárskóla um öryggi og heilbrigði er kynnt starfsmönnum ár hvert að hausti. Einnig er hún kynnt nýjum starfsmönnum þegar þeir hefja störf við skólann. Áætlunin er yfirfarin og endurskoðuð reglulega og öryggisnefnd fundar reglulega allt skólaárið aðra hverja viku eða meira, allt eftir þörfum.

Öryggishandbók - Áætlun um öryggi og heilbrigði í Glerárskóla er aðgengileg öllu starfsfólki á innra neti skólans og á heimasíðu skólans glerarskoli.is undir flípanum: Starfshættir - Öryggisáætlun.

Handhægar slóðir fyrir Öryggisnefnd:

<https://vinnueftirlitid.is/vinnuverndarstarf/hjalpargogn/hjalpargogn-fyrir-ahaettumat>

https://wp.vinnueftirlitid.is/wp-content/uploads/2021/09/ahaettumat_litilla_fyrirtaekja.pdf